

**Fundargerð stjórnar BÍS 14/2014. miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 17.30,
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, gjaldkeri, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
3. Fimm mínútur foringjans. BB sagði frá ferð sinni til Kaupmannahafnar á fundi BP-society.
4. Þrjár mínútur foringjanna. Stjórnarmeðlimir. gerðu grein fyrir sínum störfum og störfum ráðanna. Helst má nefna;
 - a. Bergþóra; þáttaka í átakinu gegn hatursáróðri á einelti á netinu.
 - b. Ólafur. Gilwell námskeið framundan.
 - c. Jón Þór. Undirbúningur fyrir heimsþing WAGGGS og heimsþing WOSM, þróun í fjáröflunum, undirbúningur fyrir Norræna skátaráðstefnu sem haldin verður á Íslandi 13-17 maí 2015, fundir með eldri skátum og skátahópum heldur áfram, fundur með tengilið Evrópuskrifstofu WAGGGS.
5. Meginviðfangsefni stjórnarfunda. BB lagði fram drög að málefnastrá til að vinna að fram að næsta Skátapiingi. Samþykkt.
6. Skipulagsskrá og starfsgrunnur Gilwellskólans. ÓP lagði fram til samþykktar drög að skipulagsskrá og starfsgrunn fyrir Gilwell skólann. Samþykkt. ÓP lagði fram tillögu um að afnema reglugerð um Gilwell einkenni. Samþykkt.
7. Landsmót – staðan. FFS gerði grein fyrir stöðu mála. Stjórn óskar landsmótsstjórn góðs gengis á komandi misserum. Farið var yfir hlutverk stjórnar og starfsmanna BÍS á mótinu. HS er falið að taka saman hlutverk stjórnar á fyrri mótum og senda á stjórn eigi síðar en mánudaginn 9. júní.
8. Hvatakerfið. UF fór yfir drög að nýju hvatakerfi. Stefnt er að því að kerfið sé tilbúið í haust.
9. Afgreiðslumál
 - a. Starfsyfirlit starfsmanna var lagt fram.
 - b. Fyrirspurn frá dagskrárráði. Formaður dagskrárráðs óskaði eftir því stjórn BÍS staðfesti skilning sinn og dagskrárráðs að ráðsmenn eru formanni ráðsins til ráðgjafar og starfsmaður ráðsins, í þessu tilfelli fræðslustjóri BÍS, sé starfsmaður ráðsins og vinnur þau verkefni sem formaður felur honum og er það unnið í samráði við framkvæmdastjóra BÍS. Öll ákvarðanatöku varðandi þróunarvinnu liggur hjá formanni dagskrárráðs

- og stjórn BÍS. Stjórn staðfestir skilning ráðsins og felur HS að skerpa á þessu skilningi á meðal starfsmanna.
- c. Beiðni um inngöngu í verkefnahópinn – Stýrihópur vefmála. GBB óskar eftir því að verða bætt við í hópinn sem formaður upplýsingaráðs. Samþykkt.
 - d. Tillaga til þingsályktunartillögu um endurskoðun á virðisaukaskattsumhverfi íþróttahreyfingarinnar. Stjórn lýsir undrun sinni á málinu og felur HS falið að vinna umsögn um málið og skila inn til Alþingis.
 - e. Afmælisár BÍS. BÍS var stofnað 6. júní 1924 og er því 90 ára í ár. BB er falið að skrifa grein í Skátamál.
 - f. No hate speech. BS fór á fund hjá Heimili og skóla þriðjudaginn 27. maí sl. BS er falið að hvetja skáta til að taka þátt í leik sem er tengdur þessu málefni.
 - g. Laganefnd BÍS. JPG tilkynnir að nefndin hefur hafið störf og byrjar að vinna úr tillögum að lagabreytingum sem lágu fyrir síðasta Skátapingi.
 - h. Skátamót ehf og Skátabúðin ehf. Þessi tvö fyrirtæki hafa verið stofnuð í þeim tilgangi að minnka áhætturekstur BÍS og auka gegnsæi í rekstri.
 - i. Eric Frank Trust Fund. HS tilkynnti að EFTF hafi styrkt þróunarvinnu rekkaskáta og róverskáta.
 - j. Þjóðskjalasafn. HS tilkynnti að búið er að gera samkomulag vegna flokkunar skjala skátahreyfingarinnar. Málið verði endurmetið um áramót.

10. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 20:11.

Fundargerð ritaði HS